

ríkisjóð, kr. 10.000,00 og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hrl., kr. 10.000,00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 21. október 1985.

Nr. 118/1983. **Björn Harðarson**

(Sigurður Baldursson hrl.)

gegn

Karólinu Gunnarsdóttur

og gagnsök

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Skaðabótamál. Líkamsmeiðingar. Örorka. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Halldór Þorbjörnsson og prófessorarnir Arnljótur Björnsson og Sigurður Líndal.

Aðaláfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 13. júní 1983, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 hinn 8. s.m. Hann gerir þær dómkröfur *aðallega*, að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjanda í málinu, en *til vara*, að kröfur gagnáfrýjanda verði lækkaðar. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda, eins og „málið væri ekki gjafsóknarmál í héraði né gjafvarnarmál fyrir Hæstarétti.“

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 6. október 1983, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 hinn 9. september 1983. Hún krefst þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 279.386,00 krónur með vöxtum, eins og þeir eru ákveðnir í dómsorði hins áfrýjaða dóms, svo og málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknar- og gjafvarnarmál, en gagnáfrýjandi fékk gjafvörn í aðalsök og gjafsókn í gagnsök fyrir Hæstarétti með leyfi dómsmálaráðherra 9. september 1983.

I.

Í eiðfestum framburði sínum 4. desember 1975 við dómsrannsókn vegna slyss þess, sem í málinu greinir, sagðist vitninu Páli Jónssyni svo frá, að hann hefði séð, þegar gagnáfrýjandi féll á öskukerið við sælgætissöluna í félagsheimilinu Herðubreið. Ekki hefði hann séð, hver hratt henni, en Stefanía Guðmundsdóttir hefði strax vikið sér að aðaláfrýjanda og spurt, hvers vegna hann hefði gert þetta. Hefði hann svarað eitthvað á þá leið, að það hefði verið óviljaverk.

Við umrædda dómsrannsókn greindu vitnin Smári Fjalar sjómaður og Þorbjörn Þorsteinsson lögreglumaður einnig frá því, að þeir hefðu heyrt sagt, að aðaláfrýjandi hefði hrundið gagnáfrýjanda, en hvorki voru þeir sjálfir á vettvangi né gátu þeir nafngreint heimildarmenn sína.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega fallast á úrlausn héraðsdómara um fébótaskyldu aðaláfrýjanda.

II.

Svo sem fyrir héraðsdómi sundurliðar gagnáfrýjandi kröfur sínar þannig:

1. Bætur fyrir tímabundna og varanlega örorku	179.386,00 kr.
2. Bætur fyrir miska	100.000,00 kr.
Samtals	279.386,00 kr.

Um 1. kröfulið.

Engra gagna nýtur við í málinu um vinnutekjur gagnáfrýjanda eftir slysið, en samkvæmt skýrslu hennar sjálfrar hefur hún unnið í frystihúsi og við ræstingar. Vann hún við ræstingar auk þess sem hún sinnti húsmóðurstörfum, er skýrslan var gefin 7. júní 1982.

Gagnáfrýjandi hefur lagt fyrir Hæstarétt nýja áætlun Þóris Bergssonar tryggingastærðfræðings, dags. 28. september 1985, um tjón sitt vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku. Er þar svo sem í fyrri áætlunum gert ráð fyrir tekjumissi í réttu hlutfalli við örorku gagnáfrýjanda á hverjum tíma samkvæmt mati Björns Önundarsonar tryggingayfirlæknis 8. apríl 1980. Á hinn bóginn er

líklega tekjuöflun áætluð þar með hliðsjón af ýmsum breytingum, sem orðið hafa á forsendum fyrri áætlana, þar á meðal breytingum á kaupgjaldi. Áætlað tryggingastærðfræðingurinn, að frá og með árinu 1986 hefðu árstekjur gagnáfrýjanda orðið 350.408,00 krónur, ef hún hefði ekki orðið fyrir meiðslunum, og árlegt tekjutap hennar vegna þeirra verði 70.082,00 krónur. Líklegar árstekjur og árlegt tekjutap fyrir þann tíma er áætlað lægra og breytilegt frá ári til árs, en ekki er ástæða til að rekja þá áætlun í einstökum atriðum. Tap gagnáfrýjanda vegna örorku er síðan reiknað til höfuðstólsfjárhæðar á slysdegi með tveimur aðferðum. Segir svo um það í áætluninni:

„Við útreikninga á slysdagsverðmæti áætlaðs vinnutekjutaps nota ég 6% ársvexti eftir 1. október 1985. Yfir tímabilið milli 1. október 1985 og áverkadags er tapið afvaxtað með vöxtum af almennum spariinnlánum bæði með samsettum vöxtum (Aðferð I) og einföldum vöxtum (Aðferð II).

		Aðferð I	Aðferð II
v/tímab. örorku	kr.	10.667,-	kr. 10.737,-
v/varanl. “ til 1.10. 1985	—	44.144,-	— 76.539,-
v/varanl. “ eftir það	—	103.000,-	— 290.803,-
Samtals	kr.	157.811.-	kr. 378.079,-“

Þegar hliðsjón er höfð af framangreindri áætlun, — sem eins og áður sagði er undirstöðugagn af hálfu gagnáfrýjanda um fjártjón hennar — og þá sérstaklega niðurstöðunnar samkvæmt reikningsaðferð II, þykir mega taka þennan kröfulið að fullu til greina.

Um 2. kröfulið.

Gagnáfrýjandi lá á háls-, nef- og eyrnadeild Borgarspítalans í Reykjavík frá 10. ágúst til 1. september 1974 vegna meiðsla sinna, og aftur var hún lögð inn á þá deild sjúkrahússins til skoðunar 16. desember s.á. Eftir lækniSSkoðun á Karolinska sjúkrahúsinu í Stokkhólmi í júní 1975 gekkst hún undir skurðaðgerðir á því sjúkrahúsi bæði í september 1975 og mars 1976. Kemur þó ekki fram í málinu, hve löng sjúkrahúsvist hennar var þá. Vegna lækniSaðgerðarinnar ber hún um það bil 10 cm ör framan á hálsi frá hálsrótum

og niður að bringubeini. Sköddun barkakýlisins hefur og valdið henni hæsi til frambúðar. Af örorkumatinu er þó helst að ráða, að til hvors tveggja hins síðastgreinda hafi eitthvert tillit verið tekið við mat á hinni varanlegu örorku gagnáfrýjanda.

Þegar framangreint er virt, þykir rétt að ákveða fébætur til gagnáfrýjanda samkvæmt þessum kröfulið 65.000,00 krónur.

Samkvæmt þessu verður aðaláfrýjandi dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda 244.386,00 krónur með 13% ársvöxtum frá 10. ágúst 1974 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s.á., 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 31. maí 1981, 34% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1981, en með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnaðargreiðslu aðaláfrýjanda, gjafsóknarkostnað og gjafvarnarkostnað.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst 40.000,00 krónur, og renni hann í ríkissjóð.

Gjafsóknarkostnaður beggja aðilja fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðra talsmanna þeirra, 35.000,00 krónur til hvors.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjandi, Björn Harðarson, greiði gagnáfrýjanda, Karolínu Gunnarsdóttur, 244.386,00 krónur með 13% ársvöxtum frá 10. ágúst 1974 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s.á., 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 31. maí 1981, 34% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1981, en með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað og gjafsóknar-kostnað eiga að vera óröskuð.

Aðaláfrýjandi greiði 40.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti og renni hann í ríkissjóð.

Allur gjafsóknarkostnaður aðaláfrýjanda og gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðra talsmanna þeirra, Sigurðar Baldurssonar hæstaréttarlögmans og Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmans, 35.000,00 krónur til hvors.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i Sigurðar Línal prófessors.

Í héraði krafðist gagnáfrýjandi dómvaxta samkvæmt l. nr. 56/1979 frá 1. desember 1981 til greiðsludags. Þá kröfu tel ég fela í sér kröfu um vaxtavexti, en héraðsdómari dæmir einfalda vexti. Hér fyrir dómi hefur af hálfu gagnáfrýjanda verið krafist vaxta, „eins og þeir eru ákveðnir í dómsorði héraðsdóms.“ Með því hefur verið fallið frá kröfu um vaxtavexti.

Með skírskotun til fordæmis í dómi Hæstaréttar, sem upp var kveðinn 10. júlí 1984 og vaxtakröfu gagnáfrýjanda hér fyrir dómi, tel ég rétt að hafa til hliðsjónar reikningsaðferð II í útreikningi Þóris Bergssonar tryggingastærðfræðings frá 28. september 1985, þegar metið er fjártjón gagnáfrýjanda á slysdegi.

Með þessum athugasemdum er ég sammála því, sem segir í dóms-atkvæði meirihluta dómenda og dómsorði þeirra.

S é r a t k v æ ð i Halldórs Þorbjörnssonar hæstaréttardómara.

Skýrslur málsaðilja um atvik að því, er gagnáfrýjandi slasaðist, stangast á. Telur gagnáfrýjandi sig hafa fallið, af því að aðaláfrýjandi hafi ýtt harkalega við henni, en það kannast aðaláfrýjandi ekki við. Frásögn gagnáfrýjanda er studd vætti Stefaniu Guðmundsdóttur, sem segir, að aðaláfrýjandi hafi ýtt gagnáfrýjanda frá sér

og hún fallið við það á gólfið og lent á steinkeri. Þá segist Páll Jónsson hafa heyrt Stefaníu spyrja aðaláfrýjanda, hvers vegna hann hefði gert þetta, og hann svara því, að þetta hefði verið óviljaverk. Sjálfur kveðst Páll ekki hafa séð, hvers vegna gagnáfrýjandi datt, og var hann þó nærstaddur og sá hana falla. Það rýrir sönnunargildi vitnaskýrslna þessara, að þær voru teknar löngu eftir að umrætt atvik varð, en Páll kom fyrir dóm hinn 4. desember 1975 og Stefanía ekki fyrr en 7. júní 1982, er liðið var hátt á áttunda ár frá atburðinum. Samkvæmt þessu tel ég óvarlegt að telja sannað, að gagnáfrýjandi hafi hlotið lemskur sín með þeim hætti, að aðaláfrýjandi verði dæmdur bótaskyldur, og að því beri að sýkna hann af kröfum gagnáfrýjanda.

Ég tel rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður, en um gjafsóknarkostnað er ég sammála atkvæði meirihluta dómara.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. febrúar 1983.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. febrúar sl., hefur Karólína Gunnarsdóttir, Heiðarbrún 21, Hveragerði, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 8. desember 1981, á hendur Birni Harðarsyni, nnr. 1334-3381, Réttarbakka 1, Reykjavík. Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða stefnanda skaðabætur að fjárhæð kr. 279.385,00 ásamt 13% ársvöxtum frá 10. ágúst 1974 til 20. nóvember 1977, en með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 20. febrúar 1978, en með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 31. maí 1979, en með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 31. ágúst 1979, en með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 30. nóvember 1979, en með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 31. maí 1980, en með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 31. maí 1981, en með 34% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1981, en með dómvöxtum skv. lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ og síðar framlögðum reikningi, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en stefnandi fékk gjafsókn í málinu með bréfi dómsmálaráðherra, dags. 27. maí 1981.

Stefndi gerir þær dómkröfur aðallega, að hann verði sýknaður, en til vara, að stefnukrafan verði stórlega lækkuð. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati réttarins, hvernig sem málið fer, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál. Stefndi fékk gjafvörn í málinu með bréfi dómsmálaráðherra dags. 14. október 1982.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

II.

Málavexti kveður stefnandi vera þá, að þann 10. ágúst 1974 hafi hún verið stödd í samkomuhúsinu Herðubreið á Seyðisfirði. Þar hafi stefndi Björn einnig verið. Hafi hann haldið á Stefaníu Guðmundsdóttur, en er stefnandi gekk að þeim, hafi stefndi sleppt Stefaníu og hrint stefnanda svo harkalega, að hún féll við. Í fallinu hafi hún lent með hálsinn á öskukeri úr hrauni, og hafi hún slasast alvarlega á hálsi. Hafi hún þegar verið flutt á sjúkrahús. Við læknisskoðun hafi komið í ljós, að vinstra raddband hennar var lamað og barkakýli brotið. Stefnandi hafi um árabíl átt í afleiðingum þessa slyss og hafi hún m.a. þurft að leita sér læknisaðstoðar erlendis. Ekki sé talið, að ástand hennar muni í neinu skána frá því, sem nú sé.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að tjón hennar verði einungis rakið til saknæmrar og ólögmætrar hegðunar stefnda. Hann hafi ráðist að henni og hrint henni með ofangreindum afleiðingum algerlega að tilefnislausu. Stefnandi eigi þar sjálf enga sök. Sé ljóst, að stefndi beri fulla og ótakmarkaða ábyrgð á tjóni stefnanda.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína þannig:

1. Örorkubætur	kr. 179.386,00
2. Miskabætur	kr. 100.000,00
samtals	kr. 279.386,00

Þann 8. apríl 1980 hafi Björn Önundarson framkvæmt örorkumat á stefnanda og hafi hann metið örorku hennar 100% í 20 mánuði frá slysdegi, 50% í þrjá mánuði, en síðan varanlega örorku 20%.

Þann 21. september 1981 hafi Þórir Bergsson, cand. act., reiknað út örorku stefnanda og aftur 18. maí 1982 og 20. október 1982 og sé krafan um örorkubætur, kr. 179.386,00 byggð á síðasta útreikningnum á dskj. nr. 23. Í útreikningnum sé miðað við nokkrar mismunandi forsendur, en stefnandi byggi kröfu sína á útreikningi nr. I á bls. 2 á dskj. nr. 23, en þar sé reiknað með einföldum vöxtum og 5% ávöxtunarpætti peninga, sem virðist sanngjarnt, þegar höfð sé í huga vaxtaákvörðun Seðlabanka Íslands og raunverulegir ávöxtunarmöguleikar fjármuna.

Miskabótakrafan, kr. 100.000,00, byggist á því, að stefnandi hafi mjög liðið fyrir tjón sitt. Hún hafi um árabíl þurft að leita sér læknisaðstoðar og jafnvel þurft að fara erlendis (sic) í þeim tilgangi. Framan á hálsi hennar sé stórt og mikið ör, sem sé til verulegra lýta á ungri stúlku. Rödd hennar sé rám og lág. Þessi örorka hái stefnanda mjög og hafi henni þrásinnis verið neitað um vinnu vegna þessa og sé hún í rauninni útilokuð frá því að vinna flest hefðbundin kvennastörf, svo sem skrifstofu- og afgreiðslu-

störf, kennslustörf o.fl. Örorka stefnanda hafi því mjög viðtæk og djúpstæð áhrif á alla lífsafkomu hennar, framtíðarhorfur og sálarástand. Krónur 100.000,00 í miskabætur verði því að teljast sanngjörn krafa.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að með öllu sé ósannað, að hann hafi valdið tjóni því, sem stefnt sé fyrir. Hann kannist ekki við að hafa hrundið stefnanda, enda viti hann ekki til þess, að hann hafi átt nokkuð það sökótt við hana, er hefði getað gefið honum tilefni til að fremja þann verknað, sem á hann sé borinn. Mikil mannþröng hafi verið í anddyri samkomuhússins Herðubreið, þegar stefnandi slasaðist, þannig að mest líktist sild í tunnu, og hafi því verið erfitt að hreyfa sig. Í slíkri þröng berist menn með straumnum án þess að fá rönd við reist.

Á umræddum dansleik hafi verið mikil og almenn ölvun, og virðist því forráðamenn samkomuhússins hafa brotið skilyrði fyrir vínveitingaleyfi, en það sé jafnan veitt með því skilyrði, að ekki megi veita ölvuðum mönnum vín. Eigi sé upplýst, hvort samkomuhúsið hafi haft vínveitingaleyfi umrætt kvöld.

Varakrafa stefnda sé sett fram, ef svo kynni að fara, að stefnanda tækist að sanna sitt mál. Útreikningi örorkutjóns sé mótmælt sem allt of háum. Þar sé t.d. ekki tekið tillit til skattfrelsis bóta.

III.

Telja verður sannað með framburði vitnisins Stefaníu Guðmundsdóttur, sem enn fremur er studdur af framburði vitnisins Páls Jónssonar, að stefndi Björn Haraldsson (sic) hafi hrint stefnanda með framangreindum afleiðingum, en Stefanía segir m.a. við yfirheyrslur fyrir dómi: „Mætta segir, að atvik hafi verið þau, að hún hafi verið stödd frammi í anddyri hússins, ásamt Birni Harðarsyni. Hún kveður Björn hafa tekið sig upp. Þá hafi Karólína komið þar að og ætlað að tala við Björn. Vitnið kveður þá Björn hafa hrint Karólínu frá sér. Nánar aðspurt segir vitnið, að Björn hafi ýtt Karólínu frá sér með handleggnum. Vitnið segir, að við þetta hafi Karólína fallið á steinker sem stóð á gólfinu.“

Stefndi Björn telst því skaðabótaábyrgur á tjóni því, sem stefnandi hlaut við slysið, enda hefur ekki verið sýnt fram á, að stefnandi hafi sjálf verið meðvöld að slysinu.

Bótakrafa stefnanda nemur samtals kr. 279.368,00 ásamt vöxtum frá slysdegi. Lagt hefur verið fram örorkumat, sem Björn Önundarson læknir framkvæmdi 8.4. 1980, og hefur því ekki verið andmælt. Þá hefur stefnandi lagt fram þrjá örorkutjónsútreikninga Þóris Bergssonar, cand. act., og er kröfufjárhæðin byggð á útreikningi hans, dags. 20. október 1982.

Þegar virt eru meislí stefnanda og sjúkrasaga og höfð hliðsjón af framlögðum örorkutjónsútreikningum þykja örorkutjóns- og miskabætur til

handa stefnanda hæfilega ákveðnar í einu lagi kr. 120.000,00 ásamt vöxtum, sem ákveðast þannig: 13% ársvextir frá 10. ágúst 1974 til 20. nóvember 1977, 16% ársvextir frá þeim degi til 20. febrúar 1978, 19% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvextir frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvextir frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvextir frá þeim degi til 31. maí 1981, 34% ársvextir frá þeim degi til 21. desember 1981, 39% ársvextir frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvextir frá þeim degi til uppkvaðningardags dóms þessa, en frá þeim degi hæstu innlánsvextir, eins og þeir verða ákveðnir á hverjum tíma, til greiðsludags.

Eftir úrslitum þessa máls ber að dæma stefnda til þess að greiða kr. 26.925,00 í málskostnað, sem rennur í ríkissjóð. Þá ber að dæma ríkissjóð til að greiða kostnað stefnanda af rekstri máls þessa, kr. 26.925,00, þar af málssóknarlaun skipaðs talsmanns stefnanda, Atla Gíslasonar hdl., kr. 22.500,00, en kr. 4.425,00 eru vegna útlagðs kostnaðar skv. framlögðum reikningum.

Þá greiði ríkissjóður kostnað stefnda af rekstri málsins kr. 22.000,00, sem rennur til skipaðs talsmanns hans, Sigurðar Baldurssonar hrl.

Sigríður Ólafsdóttir, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan, en dómariinn fékk mál þetta til meðferðar 15. september sl.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Björn Harðarson, greiði stefnanda, Karólínu Gunnarsdóttur, kr. 120.000,00 ásamt 13% ársvöxtum frá 10. ágúst 1974 til 20. nóvember 1977, en með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 20. febrúar 1978, en með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, en með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, en með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, en með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, en með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 31. maí 1981, en með 34% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1981, en með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, en með 47% ársvöxtum frá þeim degi til 24. febrúar 1983, en frá þeim degi með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða ákveðnir á hverjum tíma, til greiðsludags. Þá greiði stefndi enn fremur kr. 26.925,00 í málskostnað sem rennur í ríkissjóð.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, kr. 26.925,00, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málssóknarlaun skipaðs talsmanns stefnanda, Atla Gíslasonar hdl., kr. 22.500,00.

Gjafvarnarkostnaður skipaðs talsmanns stefnda, Sigurðar Baldurssonar hrl., kr. 22.000,00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 23. október 1985.

Nr. 194/1985. **Theódór Nóason**

gegn

Edel Maríu Madsen

Kærumál. Skipti. Uppskrift.

Dómur Hæstaréttar.

Kærumál þetta dæma hæstaréttardómarnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Skaftason og Magnús Thoroddsen.

Sóknaraðili hefur með vísun til 2. töluliðs 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 20. ágúst sl., sem barst Hæstarétti 26. sama mánaðar.

Sóknaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, en til vara, að ákvörðun um uppskrfit á eignum og skuldum firmans Reykjabergs fari ekki fram fyrr en að fengnum úrslitum í hæstaréttarmálinu nr. 50/1985: Theódór Nóason gegn Edel Maríu Madsen o.fl. Í báðum tilvikum er krafist kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Hinn kærði úrskurður, sem ekki fylgja forsendur, er svohljóðandi:

„Krafa sóknaraðila, Edel Maríu Madsen, um að nú þegar skuli fara fram nákvæm uppskrift eigna og skulda firmans Reykjabergs vegna skipta á búi hennar og varnaraðilja, Theódórs Nóasonar, er tekin til greina.

Varnaraðili Theódór Nóason greiði sóknaraðilja, Edel Maríu Madsen kr. 7.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.“